

Skýrsla um starfsemi Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka árið 2004



Efnisyfirlit

Formáli	3
Stjórn og starfsmenn	3
Opnunartímar og aðsókn 2004	3
Sýningar og helstu viðburðir	4
Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	5
Rjómabúið á Baugsstöðum	6
Samstarf við önnur söfn	6
Eggjaskúrin vígður	7
Rannsóknir, námskeið og fundir	8
Fornleifaskráning	9
Skráning og ný aðföng	10
Gefendur til safnanna á árinu 2004	11
Húsnæði safnanna	12
Fjárhagslegur grundvöllur	13
Annual report 2004 (Abstract)	15

Rekstur safnanna á Eyrarbakka, Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka, var með hefðbundnu sniði á árinu 2004. Söfnin voru opin í 133 daga á auglýstum tímum og eftir samkomulagi allt árið. Þar fór fram töluvert verk við skráningu og aðrar rannsóknir sem tengjast hlutverki safnanna samkvæmt stofnskrám.

Helsta verkefni ársins var endurbygging Eggjaskúrsins. Bygging hans hófst í júlí og var hann endurvígður 17. október.

Haldnar voru fjórar sérsýningar í borðstofu Hússins og fastasýningar endurbættar í Assistentahúsinu og Húsinu.

Byggðasafn Árnesinga tók að sér að halda utan um fornleifaskráningu í Árborg en það verkefni er alfarið kostað af sveitarfélaginu og unnið á skrifstofu safnsins undir faglegri verkstjórn fornleifadeildar Byggðasafns Skagafjarðar.

Stjórn og starfsmenn

Í stjórn Byggðasafns Árnesinga sitja Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson formaður, Sigurður Steindórsson varaformaður og Helga Teitsdóttir ritari. Stjórn safnsins fundaði aðeins tvisvar sinnum á árinu.

Safnstjóri í fullri stöðu er Lýður Pálsson. Í upphafi ársins voru Jensína Jensdóttir og Þorvaldur H. Gunnarsson í samtals 70% stöðu við skráningu og aðstoð við safnstjóra. Störfuðu þau við safnið fram yfir mitt ár þar til verkefnum þeirra lauk í bili a.m.k. Margrét H. Hallmundsdóttir kom úr fæðingarorlofi í maíbyrjun og starfaði fyrst með safnstjóra að almennum verkefnum en við fornleifaskráningu er líða tók á júní. Starfshlutfall hennar í upphafi var 50% og 20% frá september. Edda Linn Rise kom til starfa við safnið í júnílok og var í fullu starfi yfir sumarið við fornleifaskráningu og í 40% frá september og út árið.

Við gæslu og annað tilfallandi í Húsinu voru Nanna Bára Maríasdóttir og Jensína Jensdóttir. Við Sjóminjasafnið störfuðu við gæslu hjónin Agnes Karlsdóttir og Hörður Jóhannsson. Guðjón Guðmundsson rafvirki er söfnunum helsta aðstoð vegna öryggis- og tæknimála.

Opnunartímar og aðsókn 2004

Á söfnunum var opið kl. 14-17 um helgar í apríl, maí, september og október og opið alla daga kl. 11-17 í júní, júlí og ágúst. Einnig var opið sérstaklega í kringum fyrstu sérsýningu ársins og um páskana. Jafnframt var tekið á móti fjölmörgum hópum utan auglýsts opnunartíma.

Heildargestafjöldi var um 4600 sem er 500 gestum minna en undanfarin ár en fjöldi erlenda gesta jókst um 33%. Af þessum fjölda voru 1500 erlendir og 350 skólabörn. Skýringu á fækkun komu Íslendinga má eflaust rekja til aukins framboðs á menningartengdri ferðaþjónustu í grennd safnanna.

Í Sjóminjasafnið voru skráðir um 3.100 gestir.

Þó ekki sé um sýningahald að ræða í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka eiga þangað ýmsir erindi við starfsfólk, eins og til aðstoðar við greiningu ljósmynda, til rannsókna á safnkosti og til afhendingar á gömlum gripum. Tvisvar á árinu var þjónustuhúsið opið almenningi, á Vor í Árborg og Safnadaginn. Í nokkur skipti var tekið á móti hópum. Í gestabók skrifuðu 250 manns.

Sýningar og helstu viðburðir

Myndir af skáldum. Sunnudaginn 8. febrúar var fyrsta sýning ársins opnuð í borðstofu Hússins að viðstöddu fjölmenni. Nefndist sýningin **Myndir af skáldum** og haldin í samvinnu við Listasafn ASÍ í tilefni 100 ára afmælis Ragnars í Smára sem fæddur var í Mundakoti á Eyrarbakka. Á sýningunni voru andlitsmyndir af skáldum eftir ýmsa listamenn úr listaverkagjöf Ragnars Jónssonar til Alpýðusambands Íslands sem jafnframt var stofngjöf Listasafns ASÍ. Stóð sýningin fram í maí.

Endurbætur á fastasýningum. Vorið 2004 var haldið áfram að endurskoða og endurbæta fastasýningar í Assistentahúsinu.




Breytingar voru gerðar á verslunarsýningum og á sýningunni *Veröld kvenna* á annari hæð Assistentahússins.

Önnur hæð Hússins rækilega endurskoðuð vorið 2004 og má þar helst nefna að austurendi hæðarinnar sem áður var skrifstofa safnsins var opnuð til sýningar. Þar var sett upp fastasýning með húsgögnum og munum frá 1920 til 1940. Sýningin er tileinkuð Haraldi Blöndal ljósmyndara sem bjó þar á árunum 1919 til 1925 ásamt fjölskyldu sinni. Ljósmyndir hans gefa einstaka sýn á Eyrarbakka og Suðurland á breytingatímum. Barnabörn hans eru m.a. systkinin Ragnhildur og Halldór Blöndal forseti Alþingis sem á meðfylgjandi mynd eru stödd í fyrrum íbúð afa og ömmu í Húsinu. Önnur tengsl áttu þau við Húsið þau að ömmusystir þeirra, Ragnhildur Pétursdóttir í Háteigi, átti Húsið um langt skeið á 20. öld.

Aðrar breytingar á hæð Hússins voru þær að breytt var til í vesturherbergi og ljósmyndir eftir Sigfús Eymundsson prýða nú ganginn. Skipt var um ljósmyndir í kvistherbergi.

Breytingar á fastasýningum krefjast mikillar yfirlegu og vinnu. Vanda þarf þá sérstaklega til textagerðar og gjarnan þarf að afla viðbótarupplýsinga um gripina, forvörslu þeirra og hvernig skuli haga sýningu á þeim. Að auki er Húsið erfitt viðureignar sem sýningahús og ekki sama hvernig sýningargripum er þar stillt upp.




Hagleiksmenn í héraði. Í lok maí var í borðstofu opnuð sýning á völdum gripum úr safnkosti safnanna á Eyrarbakka. Á sýningunni gaf að líta muni gerða af 25 hagleiksmönnum sem búsettir hafa verið í héraðinu um lengri og skemmri tíð. Meðfylgjandi mynd sýnir einn sýningargripinn salúnsofið teppi, gert af feðgunum Einari Jónssyni og Guðmundi Einarssyni í Reykjadal í Hrunamannahreppi. Hagleiksmenn voru dýrmætir í fámennu samfélagi og dreifbýlu landi, því ekki aðeins bjó þetta fólk til fagra hluti heldur voru hlutirnir nauðsynlegur partur af hversdagslífi fólksins.

Opið hús og þátttaka í ráðstefnu. Á menningarhátíðinni Vor í Árborg var opið hús í Þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga. Byggðasafn Árnesinga tók þátt í ráðstefnu Sagnfræðingafélags Íslands sem haldinn var á Stokkseyri 22. maí. Ráðstefnugestir skoðuðu söfnin að lokinni ráðstefnunni.

Jónsmessa og safnadagur. Söfnin tóku þátt í Jónsmessuhátíð á Eyrarbakka og Íslenska safnadeginum að vanda. Á Jónsmessuhátíðinni lagði safnið til stásstofuna og píanóleikara og skapaðist skemmtileg stemming þegar Hjalti Þórðarson frá Reykjum spilaði eftir Fjárlögum Bjarna Þorsteinssonar. Á safnadeginum var á vegum Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka boðið upp á rölt um kirkjugarðinn á Eyrarbakka undir leiðsögn Magnúsar Karels Hannessonar. Hjá Byggðasafninu var þjónustuhús safnsins að Hafnarbrú 3 til sýnis og þar jafnframt þess minnst með sögusýningu að 40 ár voru liðin frá því Byggðasafn Árnesinga var opnað.

Teikningar Ingimundar. Í september var í borðstofu Hússins á Eyrarbakka hengd upp sýning á



teikningum eftir Ingimund Einarsson frá Laugum í Hrunamannahreppi. Þar gaf að líta fjölmargar teikningar sem Ingimundur hefur gert af bæjum í Hrunamannahreppi fyrr og nú. Sýna þær glögglega öra þróun og breytta byggð.

Vígsla Eggjaskúrsins. Boðið var til vígslu Eggjaskúrsins við verklok 17. október. Fjölmenni var.

Fyrirlestrar í borðstofu. Undanfarin ár hefur verið boðið upp á fyrirlestrahald í

borðstofu Fyrirlestrarnir hafa verið vel sóttir og fjörugar umræður jafnan verið á eftir. Að þessu sinni var boðið upp á fyrirlestra sunnudagana 7. og 14. nóvember.

Sunnudaginn 7. nóvember hélt Þorvaldur Friðriksson fréttamaður og sagnfræðingur fyrirlesturinn *Skrímsli að fornu og nýju*. Fjallað var um skrímsli fyrr og nú í íslenskri þjóðtrú og náttúruvísindum með áherslu á skrímsli á vatnasvæði Ölfusár og meðfram ströndinni til Þjórsár, sem eru eitt mesta skrímslasvæði landsins. Skoðaðar voru teikningar sjónarvotta.

Sunnudaginn 14. nóvember hélt Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur fyrirlestur sem nefndist „Stóra drápið“ - *Atlaga Hannesar Hafstein og Dýrfirðinga að breska togaranum Royalist árið 1899* þar sem sagt var frá þeim atburðum á Dýrafirði þegar hópur heimamanna undir forystu Hannesar Hafsteins freistaði þess að taka skipstjóra breska togarans Royalist fyrir gróf landhelgisbrot uppi við landsteina. Togaramenn sökkту báti Íslendinga og drukkuðu þrír menn en aðrir komust af við illan leik.

Jólasýning. Jólasýningin var sett upp í desemberbyrjun að vanda og sóttu skólahópar sýninguna fram yfir jól. Gömul jólatré og brúður af hrekkjóttum jólasveinum, stórum og smáum, settu svip á sýninguna.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Framlengdur var um eitt ár þjónustusamningur milli Sveitarfélagsins Árborgar og Byggðasafns Árnesinga um rekstur Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Rækileg endurskoðun á samstarfi og samrekstri safnanna er fyrirhuguð. Samningurinn tók gildi 1. mars 2001 og gildi þá til ársloka 2002 og framlengdur síðan um ár í senn. Hefur faglegur og daglegur rekstur Sjóminjasafnsins verið í höndum Byggðasafns Árnesinga. Stefnt er að því að í endurskoðuðum samningi verði gerð langtíma framkvæmdaáætlun og tryggt fjármagn til frekari uppbyggingar safnsins, t.d. því að gera Beitningaskúrinn við Óðinshús sýningarhæfan.

Málefnum Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka er sinnt samhliða Byggðasafninu en með tilkomu þjónustuhúss Byggðasafns Árnesinga urðu nokkrar breytingar til batnaðar á varðveislumálum safnsins, en Sjóminjasafnið nýtir það samhliða Byggðasafninu og Byggðasafnið nýtir Mundakotsskemmu, aðstöðuhús Sjóminjasafnsins, fyrir stærri gripi sína.



Eins og oft áður sinnti safnstjóri ljósmyndasafni Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka en reglulega er beðið um afrit af myndum vegna sýninga og útgáfu margskonar. Einnig margvísleg umsýsla safnmuna en safnsins bíða margvísleg verkefni á því sviði og má sem dæmi nefna að um 500 munir sem komu í Sjóminjasafnið fyrir 1987 eru margir enn

óskráðir. Margvísleg gögn fylgja Sjóminjasafninu þar sem fjallað er um sögu Eyrarbakka.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka styrkti ljósmyndasýningu í Búðarhamri á Eyrarbakka á ljósmyndum Brynjólfs G. Brynjólfssonar af fólki, mannlífi og byggð á Eyrarbakka á 6. og 7. áratugnum. Sýningin var haldin í tengslum við menningarhátíðina Vor í Árborg.

Rjómabúið á Baugstöðum

Safnstjóri og stjórnarformaður sátu aðalfund Varðveislufélags Baugsstaðarjómabús þann 8. október, en þann dag voru nákvæmlega 100 ár síðan bændur í Stokkseyrar- og Gaulverjabæjarhreppi stofnuðu Rjómabúið á Baugstöðum. Á fundinum voru lögð drög að hátíðarhöldum í tilefni afmælisins sem munu ná hámarki 21. júní 2005 þegar 100 ár verða liðin frá því rjómabúið tók til starfa. Einnig verður haldið upp á að þann 25. júní verða 30 ár liðin frá því búið var opnað sem safn. Meðal þess sem stendur til að gera í tilefni þessara tímamóta er að rita og gefa út veglega myndskreytt rit um Baugsstaðarjómabúið. Önnur hefðbundin verkefni framundan eru viðhald húss og tækja og er orðið aðkallandi að endurbæta vatnshjólið. Fulltrúi Byggðasafns Árnesinga í stjórn Varðveislufélagsins er Páll Lýðsson.



Samstarf við önnur söfn

Safnið er í samstarfi við önnur söfn um mál sem tengjast þeim sameiginlega. Safnstjóri er virkur félagi í Félagi Íslenskra safna og safnamanna.

Safnið hefur einnig lítilliga aðstoðað önnur setur sem stofnað hefur verið til undanfarin ár. Safnið tók að sér tvö verkefni fyrir Tónminjasetur Íslands á Stokkseyri. Annarsvegar aðstoð við launaúrvinnslu starfsmanna og hinsvegar varðveislu.

Safnstjóri hefur að eigin frumkvæði verið í hópi áhugamanna um uppbyggingu Minjasafns Emils Ásgeirssonar í Hrunamannahreppi og sat á árinu einn fund með vinnuhópnum.



Ýmsar hugmyndir eru reglulega viðraðar við safnstjóra um frekari uppbyggingu safna og setra. Á árinu sat safnstjóri í vinnuhóp um eitt slíkt setur. Ekki er tímabært að upplýsa á þessu stigi frekar um þær hugmyndir sökum þess að óvíst er um framvindu málsins.

Eggjaskúrin vágður

Það var fjölmenni sem mætti norðan við Húsið á Eyrarbakka við vígslu hins endurreista Eggjaskúrs sunnudaginn 17. október. Að loknu ávarpi safnstjóra opnuðu Vestur-Íslendingarnir Arni J. Richter, Hannes M. Andersen og Jeannine A. Ronning Eggjaskúrinn og komu fyrir minningarskildi um forfeður sína sem fóru frá Eyrarbakka á tímabilinu 1870 til 1885. Þau þrjú gáfu 20 þúsund dollara til verksins. Á eftir var boðið upp á kaffi í Húsinu og var á einum klukkutíma skenkt kaffi handa um 200 manns en talið er að um 300 manns hafi komið til vígslunnar.



Forsögu Vesturheimsferða frá Íslandi má rekja til Hússins á Eyrarbakka. Á árunum 1857 til 1865 var Daninn William Wickmann búðarsveinn hjá Lefolli-verslun á Eyrarbakka. Hann bjó þá í Húsinu



hjá Guðmundi Thorgrímsen kaupmanni og fór frá Eyrarbakka til Wisconsin á slóðir danskra landnema. Ekki leið á löngu að hann fór að rita gamla vinnuveitanda sínum Thorgrímsen bréf þar sem hann lýsti dásemdum þessa svæðis, meðal annars að Michigan-vatn væri gullnáma sjómanna. Thorgrímsen lét þessi bréf ganga áfram og þannig fór að árið 1870 yfirgaf Eyrarbakka fjögur manna hópur sem fór til Vesturheims og tveimur árum síðar fór stærri hópur héðan af Suðurlandi. Í þeim hópi má nefna

kaupmannssoninn Hans B. Thorgrímsen sem settist að í Norður-Dakota og var þar lengi prestur og Árna Guðmundsson frá Litla-Hrauni, forföður Árna Richters og Ólaf Hannesson frá Litlu-Háeyri, forföður Hannesar M. Andersen og einnig fór frá Mundakoti Guðrún Ingvarsdóttir sem giftist áður nefndum Guðmundi Guðmundssyni. Settust öll þau síðastnefndu að á Washington-eyju við Michigan-vatn. Um svipað leyti og fyrstu hóparnir fóru vestur um haf réðst að Eyrarbakka-verslun Daninn Peter Nielsen. Hann kvæntist árið 1880 Eugeniu dóttur Thorgrímsens og var ráðinn verslunarstjóri árið 1887 þegar tengdafaðir hans lét af störfum. Áhugi hans á náttúru Íslands var landsfrægur, sem og fugla og eggjasafn hans í Eggjaskúrnum, aðstöðu sem hann kom upp fyrir þetta áhugamál sitt. Skúrin stóð norðan Assistentahússins til haustsins 1926.



Tildrög að endurbyggingu Eggjaskúrsins má rekja til komu Árna Richters og Hannesar M. Andersen í Húsið í október 1998 sem létu þá í ljós þá ósk að mega láta gott af sér leiða á Eyrarbakka. Tæpum tveimur árum síðar bar Arni Richter fram þá ósk að mega gefa 10.000 dollara til menningartengds verkefnis á Eyrarbakka. Þróuðust málin þannig að Árna var boðið að leggja umrædda fjárhæð til endurbyggingar Eggjaskúrsins. Á vegum safnsins hefur saga Eggjaskúrsins

verið rannsökuð, sótt hefur verið um styrki, málið kynnt fyrir ráðamönnum og stigið eitt skref í einu. Árið 2003 var sökkullinn hreinsaður og lagfærður af Guðjóni Kristinssyni hleðslumeistara.

Eggjaskúrin var þá í kjölfarið hannaður af Joni Nordsteien arkitekt eftir bestu mögulegu heimildum um útlit hans. Þá tók við hlé á framkvæmdum meðan gerð var ný kostnaðaráætlun og leitað styrkja og aukins fjármagns. Nægjanlegir styrkir fengust frá Ríkissjóði og aukin framlög frá Héraðsnefnd



Árnesinga í lok 2003, og Hannes M Andersen og Jeannine Ronning gáfu með ábyggilegum hætti til kynna að þau myndu brúa bilið. Var þá haldið áfram með verkið. Jón Karl Ragnarsson trésmíðameistari var ráðin til að byggja hann og hóf störf í byrjun sumars 2004 með smíði glugga, hurða og lista. Skúrinn var risinn í ágústlok, fokheldur um miðjan september og nær tilbúinn um miðjan október. Hjálmar Gunnarsson málarameisteri sá um alla málningavinnu, Árvirkinn um raf- og tæknilagnir eftir teikningum

Raftæknistofunnar. Ýmsir aðrir komu að smærri verkþáttum.

Eggjaskúrin er 30 fermetra að stærð.

Kostnaður við endurbyggingu Eggjaskúrsins varð 4,8 milljónir króna sem er 5% yfir áætlun áður en lagt var að stað með verkið. Og eins og áður hefur komið fram skiptust framlög í þrjá parta, tæpur einn þriðji frá þremmenningunum frá Washington-eyju í Wisconsin, þriðjungur frá Menntamálaráðuneytinu og ríflega þriðjungur úr rekstri Bygðasafns Árnesinga.

Eggjaskúrin verður nýttur til sýningahalds. Þar verður sagt frá Nielsen faktor og náttúrugripasafni hans auk þess sem uppstoppaðir fuglar og útblásin egg úr íslenskri fuglanáttúru verða til sýnis. Saga Eggjaskúrsins hins forna og hins endurbyggða verða kynnt. Sömu leiðis verður sagt frá vesturheimsferðum frá Suðurlandi og Fuglaverndarfélag Íslands fær aðstöðu til að kynna Fuglafriðland í Flóa.



Rannsóknir, námskeið og fundir

Hluti af starfseminni er öflun viðbótarupplýsinga um safngripi og ljósmyndir – og reyndar almennt um sögu og menningu alls héraðsins og úrvinnsla og vistun á þessum upplýsingum. Jafnframt hefur verið lögð mikil rækt við sögu Hússins á Eyrarbakka og eru til drög að handriti. Eftirfarandi rannsóknir eru stundaðar af söfnunum á Eyrarbakka:

Rannsóknir í tengslum við skráningu og forvörslu safngripa.

Rannsóknir og greining á ljósmyndum.

Rannsóknir á fornleifum eða fornleifaskráning.

Rannsóknir – til að svara fyrirspurnum til safnsins.

Rannsóknir vegna sýninga.

Rannsóknir á húsum og búsetulandslagi – húsakannanir.

Rannsóknir á sögu Hússins.

Rannsóknir á sögu safnanna.

Rannsóknir af áhuga og frumkvæði starfsmanna.

Rannsóknir á afmörkuðum þáttum er tengjast sögu héraðsins og rúmast innan þess sem segir um hlutverk safnanna í stofnskrám.

Þrátt fyrir að gifturíkt rannsóknastraf sé stundað af starfsfólki hefur útgáfustarf verið í takmörkuðum mæli og þá fyrst og fremst í útgáfum á rannsóknarskýrslum. Jafnframt hefur safnið með reglulegu millibili sett á heimasíðu safnsins www.husid.com ítarefni, einkum varðandi sögu

Hússins á Eyrarbakka. Söfnin hafa hinsvegar lagt mikla rækt í útgáfu póstkorta og á vegum Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka hafa verið gefnar út bækurnar *Örnefni á Eyrarbakka* og *Margur í sandinn hér markaði slóð*, báðar útgefnar árið 1998.

Starfsfólk safnsins fór á nokkur námskeið á árinu. Af því helsta má nefna þetta:

Safnstjóri, ásamt Sigurgeiri Hilmarí Friðþjófssyni stjórnarformanni, Sigurði Pálssyni á Baugsstöðum og Margréti H. Hallmundsdóttur sátu Farskóla safnamanna sem haldinn var í Þjóðminjasafni Íslands í nóvember. Þar var kastljósinu beint að sýningum og nýjungum í safnastarfi.

Á vegum Fræðslunets Suðurlands flutti safnstjóri erindi á áttuganámsskeiði Skeiða- og Gnúpverjahrepps í apríl og sat fjölmennt námskeið á vegum Fræðslunets Suðurlands um sagnamenn í Árnesþingi um haustið.



Ljár úr Þjórsárdal.

Fornleifafræðinemarnir Edda Linn Rise og Margrét H. Hallmundsdóttir sóttu þjálfunarnámskeið í fornleifaskráningu til Byggðasafns Skagafjarðar að Hólum í Hjaltadal.

Almennt um starf safnstjóra skal hér nefnt að eftir því sem verkefnum hefur fjölgað hefur æ stærri hluti af starfstíma hans farið í stjórnun, eftirlit og aðstoð við annað starfsfólk. Jafnframt er safnstjóri með prókúru fyrir safnið og ber ábyrgð á rekstri safnsins gagnvart stjórn, Héraðsnefnd og öðrum sem leggja fjármagn til starfsemi safnanna. Framvinduskýrslur margskonar og greinargerðir til Menningarnefndar Árborgar og Safnaráðs hafa tekið drjúgan tíma af vinnutíma safnstjóra.

Fornleifaskráning

Vorið 2004 tók Byggðasafn Árnesinga að sér, að ósk Sveitarfélagsins Árborgar, að halda utan um fornleifaskráningu í sveitarfélaginu, fornleifaskráningu sem skylt er að gera í samræmi við gildandi Þjóðminjalög (107/2001).

Í 9., 10. og 11. grein Þjóðminjalaga segir:

9. gr.

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;

- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.

10. gr.

Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

Fornleifavernd ríkisins hefur rétt til að láta rannsaka fornleifar með greftri eða á annan hátt og gera það sem þarf til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður.

11. gr.

Fornleifavernd ríkisins lætur, eftir föngum, skrá allar þekktar fornleifar og gefur út skrá um friðlýstar fornleifar og skal hún endurskoðuð á þriggja ára fresti. Fornleifavernd ríkisins lætur skrár þessar í té Þjóðminjasafni Íslands.

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Fornleifavernd ríkisins ákveður hvaða fornleifar skulu friðlýstar. (<http://www.althingi.is/altext/stjt/2001.107.html>)

Samið var við fornleifadeild Byggðasafns Skagafjarðar um faglega umsjón með skráningunni og af hálfu þess Guðný Zoëga fornleifafræðingur faglegur stjórnandi verksins. Fornleifafræðinemarnir Margrét H. Hallmundsdóttir (á mynd t.hægri) og Edda Linn Rise (á mynd t.vinstri) voru ráðnar til skráningarstarfa og hófu störf í júnílok. Þær skráðu allt svæðið fyrir utan Ölfusá, Selfoss og í árslok í Sandvíkurhreppnum austanverðum. Vinnsluferlið hefur verið eftir forsendum fornleifafræðinga og eftir stöðlum settum af Fornleifavernd ríkisins.



Fornleifaskráning snýst í þrjú þrep.

1. Svæðiskráning/heimildaskráning/skrá yfir menningarminjar sem er listi yfir allar fornleifar sem getið er um í heimildum.

2. Aðalskráning, sem jafnan er unnin í tengslum við skipulagsgerð, talað við staðkunnuga, farið á vettvang og tóftir teiknaðar upp, ljósmyndaðar og hnitmældar.

3. Deiliskráning fer fram í tengslum við deiliskipulag við væntanleg framkvæmdasvæði og er þá stuðst við aðalskráninguna ef hún er til staðar.

Áhersla hefur verið lögð á framkvæmdasvæði fyrirhuguð og núverandi innan Árborgar og verður áfram haldið á þeirri braut þar til aðalskráningu fornleifa í sveitarfélaginu lýkur. Sveitarfélagið bar allan kostnað af vinnu við fornleifaskráninguna að undanskildum deiliskráningarverkefnum sem nokkur voru fengin safninu í hendur í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir innan sveitarfélagsins og utan, fyrir sveitarfélagið og einkaaðila. Var kostnaði við það haldið aðskildu frá aðalskráningunni og kostnaður greiddur af framkvæmdaaðilum. Eftirtalдар skýrslur voru gefnar út: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Dalbæjar*, *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Ísabakka*, *Hrunamannahreppi*, *Deiliskráning fornleifa norðan Mjólkurbús Flóamanna* og *Deiliskráning Einarshafnarhverfis á Eyrarbakka*.

Stefnt er að frekari þróun þessarar starfsemi sem gæti þýtt atvinnu fyrir 2-3 starfsmenn.

Skráning og ný aðföng

Lokið var skráningu ljósmynda Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka og Byggðasafns Árnesinga í gagnagrunninn Sarp. Færslur urðu um 5000 talsins. Verkið vann Jensína Jensdóttir með hléum. Undirbúningur hófst að færslu munaskráa safnanna í Sarp og er áætlað að vinna það verk árið 2005. Fornleifaskráning fer einnig um Sarp og eru þekktir fornleifastaðir skráðir þar inn. Safnskrá

Byggðasafns Árnesinga er í dag öll tölvuskráð í gagnagrunnforritið FileMakerPro sem mörg söfn nýta í þessum sama tilgangi. Fyrirhugað er að flytja munaskrár safnanna í gagnagrunninn Sarp árið 2005. Á árinu voru 215 gripir skráðir í aðfangaskrá Byggðasafns Árnesinga.

Með reglulegu millibili berast safninu gripir sem taldir eru hafa varðveislugildi en við söfnin fer fram virk söfnun, eftir samþykktri söfnunarstefnu. Hér skal greint frá því helsta:

Byggðasafn Árnesinga gerði samkomulag við systurnar Önnu Sigríði og Þuríði Pálsdætur um varðveislu á munum úr fórum Páls Ísólfsssonar dómorganista. Umræddir gripir voru lengi í sumarhúsi Páls, Ísólfskála, en var haustið 2002 komið til sýningar í Hólmaröst á Stokkseyri. Tónminjasetur Íslands tók að sér skráningu á umræddum gripum sem óneitanlega teljast til tón- og þjóðminja.

Úr fórum afkomenda Ástu Júlíu Thorgrímsen komu tveir merkir gripir, annarsvegar bikar úr silfri gefinn Guðmundi Thorgrímsen árið 1872 af verslunarþjónum Lefolli-verslunar og hinsvegar sóffi sem var í Húsinu í tíð Thorgrímsens.

Merkustu gripirnir sem Sjóminjasafninu á Eyrarbakka bárust voru gögn Eiríks Gíslasonar trésmíðs frá Bitru í Hraungerðishreppi sem lengstum var búsettur í Gunnarshólma á Eyrarbakka. Meðal þess er virðingabók allra húsa sem voru á Eyrarbakka árið 1918 og nýbyggingar til 1929. Veitir bókina ómetanlegar upplýsingar um merka húsasögu Eyrarbakka. Stefnt er að því að gera bókina aðgengilega almenningi áður en henni verður, ásamt öðrum gögnum komið viðeigandi stofnunar til varðveislu.

Á árinu voru skráð margvísleg aðföng síðustu 10 ára sem ekki hefur unnist tími til fyrr. Skráðir voru munir frá Verslun Guðlaugs Pálssonar og gripir frá Austur-Meðalholtum í Flóa.

Gefendur til safnanna á árinu 2004 voru þessir:

Sveitarfélagið Árborg, áhaldahús Gagnheiði
Anna og Áslaug Magnúsardætur, Grund, Reykjavík,
Anna Steele, Naustabryggju 14, Reykjavík,
Anna Sigríður og Þuríður Pálsdætur, Reykjavík
Árni Sverrir Erlingsson, Selfossi
Eugenia Inger Nielsen, Vesturgötu 16b, Reykjavík, dánarbú
Björn Erlendsson, Kjarmóum 44, Garðabæ
Einar Þórarinsson, Stígprýði, Eyrarbakka
Guðbjörg Eiríksdóttir frá Gunnarshólma, dánarbú, gjöf til Sjóminjasafnsins
Guðmundur Hjörleifsson, Grettisgötu 20a, Reykjavík
Gunnar Gunnarsson, Selfossi II, Selfossi
Ingimundur Einarsson, Skólavöllum 12, Selfossi
Jón Þorgeir Hallgrímsson, Sléttuvegi 17, Reykjavík
Sigurgeir Hilmar Friðþjófson, Fagurhóli, Stokkseyri
Sigurveig Jónsdóttir og Rafn Haraldsson, Bræðrabóli, Ölfusi
Kristín Sigurðardóttir, Oddakoti, A-Landeyjarhreppi
Kristín Tómasdóttir, Borgarhrauni 35, Hveragerði
Dánarbú Smára Ársælssonar, Selfossi
Sveinbjörn Guðmundsson, Heiðarbrún, Stokkseyri
Sigrún Sesselja Magnúsdóttir, Þrastarlundi 18, Garðabæ
Pétur Þorvaldsson, Mörk, Laugarvatni
Vigfús Markússon, Þrastarási 51, Hafnarfirði, gaf til Sjóminjasafnsins
Ægir Guðjónsson, Eyrargötu 17, Eyrarbakka
Þórir Hallgrímsson, Grandavegi 9, Reykjavík.

Húsnæði safnanna

Þjónustuhús Byggðasafns Árnesinga. Þjónustuhúsið er staðsett vestanlega á Eyrarbakka eða að Hafnarbrú 3. Þar er skrifstofa safnsins og aðstaða til alls innra starfs safnsins. Ein vinnustofa er þar vegna skráningar og hreinsunar safngripa og tveir salir, annar fyrir skjöl, fatnað, textíla, ljósmyndir og litla safnmuni sem varðveittir eru í sýrufríum pappaöskjum. Hinn salurinn er fyrir almenna muni auk svæðis sem nýtist á margan hátt fyrir starfseminu. Húsið er að mestu viðhaldsfrítt. Við hönnun þjónustuhússins var tekið tillit til væntanlegs hlutverks þess og er t.d. lokað varmakerfi í gólfi sem lágmarkar áhættu vegna bilana og lekahættu og kemur í veg fyrir miklar sveiflur í raka og hita. Gluggar eru fáir og byrgðir beinu sólarljósi. Hita- og rakamælt er reglulega í varðveislurými og sýningarsölum og gefa niðurstöður þeirra mælinga til kynna góð varðveisluskilyrði.

Húsið á Eyrarbakka. Sýningahús Byggðasafns Árnesinga. Þótt almennt sé talað um Húsið á Eyrarbakka sem eina byggingu samanstandur það af miklu fleiru. Húsið er svartbikað og byggt 1765, stigahús þess er frá 1865 og Assistentahúsið og millibygging frá 1881. Fyrir norðan húsið eru útihúsin þrjú að tölu og á árinu var bakhús Hússins, Eggjaskúrin endurbyggður. Vegg hlöðutóftar má sjá milli garðsins og Garðhúsa. Í samræmi við samkomulag um Húsið á Eyrarbakka ber Byggðasafn Árnesinga allan kostnað við viðhald Hússins. Ákvarðanir um viðhaldsverkefni hverju sinni eru tekin í samráði við Þjóðminjasafn Íslands. Á árinu var austurgafl Hússins, vesturgafli og stigahús voru tjörguð á árinu. Hörður Lúðvíksson málameistari sá um verkið. Öryggiskerfi hefur frá upphafi safnahalds verið í húsinu á Eyrarbakka. Þar er jafnframt vatnsúðarakerfi.

Húsið á Eyrarbakka. Útihúsin. Norðaustan við Húsið eru þrjú hús sem í daglegu tali eru nefnd Útihúsin. Þau skiptast í a. hjall, b. kola- og viðargeymslu og hesthús og c. fjós. Samkvæmt samkomulagi margra aðila um Húsið á Eyrarbakka ds. 19. okt. 1992 ber Þjóðminjasafni Íslands að sjá um að gera útihúsin upp. Ekki hefur enn komið til þeirrar framkvæmdar en hinsvegar hefur Byggðasafn Árnesinga í tvö skipti staðið að og kostað fyrirbyggjandi aðgerðir á þeim til að forða þeim frá frekari skemmdum. Á árinu var þak hjallsins málað sem annars hefði orðið ryði að bráð. Með tilkomu Eggjaskúrsins og væntanlegrar aukinnar umferðar gesta um norðurport Hússins þykir nauðsynlegt að leggja fram heildaráætlun um svæðið og brýnni þörf en áður fyrir að fegra útlit þeirra. Safnstjóri tók að sér að gera áætlun sem nýtast mun til að móta safnastarfsemi norðan Hússins, m.a. hvernig skuli kynna hús sem horfin eru.



Húsið á Eyrarbakka – Eggjaskúr. Eggjaskúrin var endurbyggður á árinu. Í árslok voru eftir ýmis verkefni á mörkum stofnframkvæmda og viðhalds. Eftir var að bera tvær umferðir af viðarvörn á gólf og utanhúss þarf að mála hliðar aðra umferð og þak. Samkvæmt niðurstöðum raka- og hitasírita eru varðveisluskilyrði þar með ágætum. Eggjaskúrin er tengdur við öryggiskerfi Hússins.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, safnhús að Túngötu 59. Engar viðhaldsframkvæmdir áttu sér stað á árinu. Í lok árs 2003 var öryggiskerfi sett í húsið.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Mundakotsskemmi, aðstöðuhús að Þykkvaflöt 2. Þar eru hýstar bifreiðar, traktor, bátar og ýmsir stærri gripir beggja safnanna. Fyrir liggur áætlun um að klæða langhliðar Mundakotsskemma. Nýlegar hita- og raflagnir eru í skemmuni.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, beitningaskúr við Eyrargötu. Sérstæður beitningaskúrin bíður síns tíma en fjármagns er þörf til að gera hann sýningahæfan.

Þuríðarbúð á Stokkseyri. Söfnin á Eyrarbakka hafa faglega umsjón með munum sjóbúðarinnar. Nokkrum safnmunum hefur á hverju sumri verið stillt þar upp en hinsvegar hefur reynst örðugt að tryggja öryggi þeirra. Eignadeild Árborgar hefur umsjón með Sjóminjasafninu og Þuríðarbúð.

Fjárhagslegur grundvöllur

Í undanförunum árskýrslum hefur lítt sem ekkert verið fjallað um fjárhagslegan grundvöll safnanna og skal hér bætt úr. Eftirfarandi tafla sýnir þróun rekstrar Bygðasafns Árnesinga frá því safnið fluttist búferlum í Húsið.

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
	Niður staða	Niður staða	Niður staða	Niður staða	Niður staða	Niður staða	Niður staða	Niður staða	Niður staða	Niður staða	Áætlun (drög)
Rekstrartekjur											
Héraðsnefnd Árn	3.915	4.000	4.500	4.900	5.300	5.600	5.850	9.900	11.800	12.150	12.550
Árborg vegna Sjóminjasafns							1.460	2.100	2.500	2.575	2.650
Ríkissjóður/Safnasjóður	704	722	944	883	1.153	950	1.456	2.300	1.900	2.650	1.900
Aðgangseyrir	476	608	776	799	892	555	855	950	895	654	800
Styrkir og verkefnafamlög	169	390	1.296	55	900	250	445	460	780	3.604	500
Annað											0
Alls	5.264	5.720	7.516	6.637	8.245	7.355	10.066	15.710	17.875	21.633	18.400
Rekstrargjöld											
Laun og launatengd gjöld	3.363	3.484	3.848	4.273	4.557	4.675	6.255	8.285	8.600	9.784	7.825
Annar rekstrarkostnaður	2.096	2.506	1.920	2.080	2.737	2.893	3.940	6.841	6.091	9.731	5.950
Veittir styrkir og stofnbúnaður	1.314	631	267	210	210	220					100
Afborganir og vextir langtímalána								2.334	3.170	3.172	3.250
Húsið endurbætur	973	1.380	1.603	433	833						0
Alls	7.746	8.001	7.638	6.996	8.337	7.788	10.195	17.460	17.861	22.687	17.125
Hagnaður/ -Tap	-2.482	-2.281	-122	-359	-92	-433	-129	-1.750	14	-1.054	1.275
Vísitala neysluverðs maí 88=100	173,3	177,1	180,3	183,3	189,6	199,1	212,4	222,6	227,3	234,6	
Byggingavísitala, júní 1987=100	203,6	213,5	223	230,8	236	243,4	258,4	277,2	286,3	298,6	

Heimildir: Ársreikningar B.Árn. settir upp af KPMG endurskoðun og Hagstofa Íslands.

Til skýringar skal hér nefnt að árið 1994 fékk safnið sérstakt framlag frá Héraðsnefnd Árnesinga til uppsetningar sýninga í Húsinu og var það framlag nýtt árið 1995. Árið 1996 var rekið með miklum halla, árin 2001 og 2002 var Þjónustuhúsið byggt og þann 1. mars 2001 tók safnið við rekstri Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Árið 2004 tók safnið að sér fornleifaskráningarverkefni með tilheyrandi veltu og sömuleiðis var Eggjaskúrinn endurbyggður, m.a. með áætluðu rekstrarfé ársins 2005.

Héraðsnefnd Árnesinga er helsti fjárhagslegi bakhjarl starfseminnar og leggur til meginhluta rekstrarfjár. Sveitarfélög öll í Árnessýslu standa að Héraðsnefnd Árnesinga og þar með að rekstri safna.

Sveitarfélagið Árborg vegna Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Sveitarfélagið greiðir tilgreinda upphæð hvert ár til reksturs Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka í samræmi við þjónustusamning.

Ríkissjóður hefur lagt fjármagn árlega til starfseminnar með milligöngu Þjóðminjaráðs og Safnaráðs eftir 2001. Á árunum 1992 til 1999 var stefna þjóðminjaráðs gjarnan að rekstrarstyrkur þessi ætti að nema hálfum launum forstöðumanns safnsins og þannig ýtti þjóðminjasafnið undir það að við bygðasöfn væru menntaðir einstaklingar í forstöðu og fullu starfi. Safnaráð heldur utan um faglega styrki ríkissjóðs til íslenskra safna. Styrkur ársins 2004 var nokkuð hærri en áður sem skýrist af því að veittur var einn og hálfur rekstrarstyrkur þar sem tvö eða fleiri söfn, sem uppfylla safnalög, eru rekin af sömu stofnun. Í heild kom þessi rausnarlegi styrkur starfseminni í góðar þarfar og styrkti á margan hátt. Hann gerði söfnunum fjárhagslega kleift að endurbæta fastasýningar í Assistentahúsinu og setja upp nýjar í Húsinu, jafnframt því sem fyrir styrk Safnasjóðs tókst að ljúka

allri skráningu ljósmynda Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka í gagnagrunninn Sarp. Einnig tókst fyrir tilstuðlan sjóðsins að ljúka frumskráningu á ýmsum aðföngum sem borist hafa til safnanna en ekki hefur gefist ráðrúm til að skrá áður. Árið 2003 fékk Byggðasafn Árnesinga, fyrir hönd náttúrusafns þess, 150 þúsund króna styrk sem nýttur snemma árs 2004 til að skrá og merkja náttúrugripina.

Aðgangseyrir og skyldar tekjur hafa dugað að hluta til að greiða kostnað við gæslu í söfnunum.

Styrkir og framlög hafa fengist til ýmissa verkefna sem söfnin hafa staðið fyrir og má þar helst nefna að hægt er að sækja um framlög að þriðjungi stofnframkvæmda.

Laun og launatengd gjöld eru eins og víðast annarstaðar í rekstri stærsti útgjaldaliðurinn.

Önnur rekstrargjöld er allur kostnaður sem tilheyrir rekstrinum, eins og kostnaður við rekstur húsa, bókhald og endurskoðun, tölvukostnaður, sími, internet, kynning og prentun, sérfræðikostnaður, öryggisgæsla, heimasíða og sýningakostnaður svo eitthvað fátt sé nefnt.

Undanfarin ár hefur safnið greitt af langtímalánum vegna byggingar þjónustuhússins, jafnframt voru viðgerðir og viðhald Hússins sértilgreind á fyrstu árum safnsins þar, sömuleiðist stofnbúnaður og veittir styrkir.

13. apríl 2005, að Hafnarbrú 3, Eyrarbakka,

Lýður Pálsson safnstjóri

The Árnessýsla Folk Museum - Annual report 2004 (Abstract)

This annual report deals with the operations of the Árnessýsla Folk Museum and the Eyrarbakki Maritime Museum, both located in Eyrarbakki, an old-established village on the south coast of Iceland.

The Árnessýsla Folk Museum's exhibition space is in Húsið (The House) at Eyrarbakki, one of Iceland's oldest buildings and also a major exhibit in itself. Built in 1765, the House was the home of the local merchant and his employees until 1926, and was nationally renowned as a centre for the arts. The museum focuses on this history: in the House, various exhibitions are held on aspects of the history of the Árnessýsla region, and especially the role of Eyrarbakki as an important trading centre, and the historical position of the House. Exhibition space in the House totals 270m².

The Eyrarbakki Maritime Museum is located a short distance to the east of the House. The museum's most important exhibit is the *Farsæll*, a rowing boat built at Eyrarbakki at the beginning of the 20th century, when the rowing-boat fishery was coming to an end, to be superseded by sailing vessels and then trawlers. The exhibition at the Maritime Museum focuses on the rowing-boat fishery and various aspects of local life and history. The museum's exhibition space comprises 140m².

The museums have all their other facilities at Hafnarbrú 3, Eyrarbakki, in a 420m² building, custom-built in 2002. This contains museum offices, facilities for conservation work on museum objects, and storage space. In 2002, the Árnessýsla Folk Museum was awarded the Icelandic Museum Prize for this building. The museums also have an additional 90m² of space at their disposal at the Maritime Museum.

The museums' major project in 2004 was the reconstruction of Eggjaskúrinn (the Egg House). Originally located to the north of the House, the building was used by Peter Nielsen, manager of the Eyrarbakki store, for his studies in natural history. He collected both birds and their eggs, and this is the derivation of the building's curious name. The reconstruction of the Egg House has been on the agenda for about four years, but it was the initiative of Icelandic-Americans with roots in Eyrarbakki that made a crucial contribution. The reconstruction of the Egg House cost ISK 4.8 million; one-third of this funding was contributed by Árni Richter, Hannes M. Andersen and Jeannine A. Ronning of Washington Island, Wisconsin. Another third of the funding was obtained from the Treasury, and the final third from the Árnessýsla Folk Museum's own resources. The formal opening of the Egg House on 17 October 2004 was well attended. The Egg House will be used as exhibition space.

The Árnessýsla Folk Museum has undertaken the cataloguing of archaeological sites, and has catalogued farms in the municipality of Árborg, as well as various other sites where development is planned.

A variety of exhibitions were held in the museum's gallery in the dining room of the House at Eyrarbakki. The first exhibition of 2004 was in honour of entrepreneur and patron of the arts Ragnar Jónsson, who was born at Mundakot, Eyrarbakki, on 6 February 1904. Ragnar was for many years the publisher of Nobel-prizewinning author Halldór Laxness. He was also influential in the founding of cultural institutions in Iceland, such as a music college and the Iceland Symphony Orchestra. During the summer an exhibition was held in the dining room of various works of craftsmanship by local people, from the museum's collection. In the autumn drawings by amateur artist Ingimundur Einarsson were shown; these depict the Hrunamannahreppur district of Árnessýsla, where the artist was born.

The museum holds an annual Christmas exhibition, including Iceland's oldest extant Christmas tree, believed to date from 1873. (As Icelanders had no authentic Christmas trees, they built trees of wood and decorated them with heather and other greenery.)

The museum's standing exhibitions were improved and made more accessible to foreign visitors.

In 2004, visitors to the museum numbered, 4,600; one-third of these were from abroad. The museum's collection totals about 4,900 objects and nearly 5,000 photographs. About 215 new acquisitions were catalogued during the year. The museum director is historian Lýður Pálsson. The museum employs a total of seven people: the museum director is full-time, while other staff are part-time. The museums' turnover for the year was ISK 22.6 million.